

að halda við glöggum landamerkjum jarða og til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum, verða að heimfærast upp á prestana sem umsjónarmenn og umráðamenn 9. apríl. 50
kirkjujarðanna.

Um 2. spurn. Þótt það kunnir að vera nokkrum erfiðleikum bundið fyrir prestana að uppfylla ákvarðanir laganna í hinu umspurða tilliti, geta þeir ekki komið hjá að gegna þeirri almennu skyldu, er lögin leggja þeim á herðar, án tillits til þess, hvar jarðirnar liggja, enda virðist þeim ekki vera ofætlun að gefa leiguliðum sínum svo nákvæma leiðbeiningu, að ekki verði öllu meiri vandkvæði á framkvæmd laganna, þegar þannig er ástátt, sem hjer er gjört ráð fyrir, en annars.

Um 3. spurn. Í því tilfalli, sem hjer er um rætt, ber prestunum að skýra prófastinum frá málavöxtum, og á hann síðan að leggja undir úrlausn stiptsyfirvaldanna, hvað gjöra skuli, ef spurning er um að nokkuð gangi undan kirkjueigninni.

Um 4. spurn. Úrlausn þessarar spurningar heyrir undir dómstólana, en meðan slík úrlausn ekki er fengin, má álitast óhultara að kæra hin hjer um ræddu mál fyrir sættanefnd, eptir hinum almennu reglum um einkamál.

Um 5. spurn. Reglurnar í lögum um gjafsóknir 12. júlí 1878 virðast einnig eiga að heimfærast upp á landamerkjumál.

Um 6. spurn. Prestarnir, sem eru usufructuarii kirkjueignanna, virðast ekki eiga heimtingu á að fá neina borgun fyrir að gegna þeirri skyldu, er þeim er lögð á herðar í 1. grein landamerkjumlaganna.

Brjef landshöfðingja til forstöðunefndar sparisjóðs Álptanesshrepps um hlunnindi 51
handar sparisjóði Álptanesshrepps. — Eptir að hafa meðtekið bónarbrjef yðar, dags. 4. 14. apríl. þ. m., hefi jeg, samkvæmt tilskipun 5. jan. 1874 um hlunnindi fyrir sparisjóði á Íslandi, veitt sparisjóði Álptanesshrepps öll hlunnindi þau, er getur um í nefndri tilskipun um 5 ára tímabil, er teljist frá 11. júní þ. á., þó með þeim skilyrðum: að ábyrgð sú, er stofnendur sjóðsins, sem eptir skýrslu gjaldkera 31. marz þ. á. eru 10 að tölu, hafa eptir 2. grein samþykktar 27. nóvbr. 1875 tekist á hendur, ekki skerðist, að ákvarðananna um reikningsskil í samþykkt sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að send sju landshöfðingja á ári hverju eptirrit af reikningum hans; svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri breytingu, er kynni að verða gjörð á samþykktinni frá 27. nóvbr. 1875, og frá því, ef skipti verða á stofnendum sjóðsins, samkvæmt 2. og 3. grein samþykktarinnar.

Þetta er yður hjer með tjáð sem formanni í forstöðunefnd ofangreinds sparisjóðs.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um fæðing- 52
arhrepp þurfalings. — Hreppsnefndin í Vindhælishreppi hefir áfrýjað hingað úrskurði, 18. apríl. sem þjer, herra amtmaður, hafið fellt 21. júní f. á., en eptir honum ber nefndum hreppi að endurgjalda fátækra sjóði Akureyrarkaupstaðar 118 kr. 52 a., sem tjeður sjóður hefir til bráðabirgða greitt fyrir sjúkdómslegu stúlkunnar Vilhelminu Kristínar Sigurðardóttur á Akureyri vorið 1879.

Vilhelminu þessi er óskilgetin dóttir Ólafar Jónsdóttur og fædd á Hjaltabakka í Torfalækjarhreppi 29. júní 1854. Var Ólöf móðir hennar vinnuhjú á Skagaströnd í Vindhælishreppi vistarárið 1853—54, og ef til vill vistráðin á sama stað til næsta hjúarárs, en þegar það kom fram, að hún var þunguð, var hún látin fara úr vist sinni nokkru fyrir krossmessu vorið 1854 og vistarráðunum fyrir 1854—55 þá um leið ript-